

# Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

Fundur í stjórn Byggðasamlangs um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu var haldinn á skrifstofu Blönduósþærar, mánudaginn 2. janúar 2020, og hófst kl: 16:00-

Mættir: Hjálmar Björn Guðmundsson, formaður (Blb.), Sverrir Þór Sverrisson (Hvhr.), Magnús Valur Ómarsson (Blb), Ingvar Sigurðsson, slökkviliðsstjóri A-Hún., og Valdimar O Hermannsson, framkv. stjóri BAH., sem jafnframt ritaði fundargerð.

## Fundargerð:

Hjálmar Björn, formaður, setti fund, kl 16:10, og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin, samþykkt og undirrituð, en hún hafði verið send fundarmönnum í tölvupósti, án athugasemda.

### 2. Húsnæðismál Brunavarna A-Hún. – Kauptilboð

Í framhaldi af fundi stjórnar 9/12. '19., lið 3., hafa verið formlegar viðræður um möguleg kaup BAH, á fasteigninni Efstabraut 2, Blönduósi Fnr. 2311293, landnr. L144885, sem nú er í eigu Léttitækni ehf., og er samtals 486 ferm. Fyrir fundinum liggar samþykkt kauptilboð, í fasteignina, með kaupverði alls kr. 62.000.000, með greiðslum á kr 15 m.kr., 15. feb. 2020., við undirritun kaupsamnings og síðan 47 m. kr., 1. maí 2020, við afhendingu eignarinnar. Kauptilboðið er gert með fyrirvara um fjármögnun og formlega staðfestingu stjórnar og þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að Brunavörnum A-Hún.

*Stjórn Brunavarna A-Hún., staðfestir fyrirliggjandi undirritað kauptilboð og felur Framkvæmdastjóra að vinna að fjármögnun og formlegri staðfestingu.*

### 3. Staða mála hjá BAH, í upphafi 2020

Ingvar Sigurðsson, slökkviliðsstjóri fór yfir stöðu helstu mála hjá BAH.

- Gamli tankbíll BAH hefur verið lánaður tímabundið til Slökkviliðs Húnaþings vestra, en mun síðan verða seldur, samkvæmt fyrri bókun.
- Nýr bíll hefur fengið inni að Ennisbraut 5, frama á vor, í bili c/o Átak ehf. Stjórn samþykkir leiguna fram á vor, eða þar til nýtt húsnæði er afhent.
- Fyrirhuguð er æfing, í lóð og í byggingum, Gagnaversins um miðjan jan.
- Unnið er að skoðunnaráætlun sem tengt er nýrri stofnun HMS.

### 4. Önnur mál:

Í ljósi athugasemda á 222. fundi Sveitarstjórnar Húnavatnshrepps, lið 6.d., við afgreiðslu fjárhagsáætlunar BAH., þá hefur framkvæmdastjóri rætt við oddvita sveitarstjórnar Húnavatnshrepps, og farið yfir helstu forsendur og þær breytingar sem orðið hafa í starfsemi BAH, á undanförnum 2 árum.

*Áætlað er að kynna starfsemi BAH enn frekar á næsta fundi sveitarstjórnar.*


Fleira ekki gert, og fundi slitið kl 16:46-

  
Hjálmar Björn Guðmundsson (sign),

  
Magnús Valur Ómarsson (sign),

  
Sverrir Þór Sverrisson (sign),

  
Ingvar Sigurðsson (sign),

  
Valdimar O Hermannsson (sign)